

GJALDSKRÁ

kaldavatnsveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps

1. gr.

Gjaldskylda

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar, skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu

Gjaldskrá fyrir sumarhús, íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar miðast við eftirfarandi töflu og allt að 30 metra lengd heimæðar. Miðað er við að heimtaug í íbúðarhús sé 25 mm. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Heimæð fyrir íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar tengir veitan viðkomandi fasteign en varðandi sumarhús er miðað við að heimað nái að lóðarmörkum og sumarhúsaeigandi sjái um að leggja sínar lagnir innan lóðar og á sinn kostnað.

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu í nóvember ár hvert og er uppfært einu sinni á ári, miðað við byggingarvísitölu (grunnur 2021) nóvember 2024, 121,0 stig.

Grunngjald heimæðargjalds vatnsveitu er eftirfarandi:

<i>Þvermál rörs</i>	<i>Lámarksgjald kr.</i>	<i>Verð kr. pr m. umfram 30 m</i>
Ø25	310.000	2.300
Ø32	380.000	2.700
Ø40	470.000	3.100
Ø50	648.000	3.800
Ø63	910.000	5.100
Ø75	1.120.000	6.800
Ø90	1.870.000	9.100
Ø110	2.500.000	12.300

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörs hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Ídráttarrör skal greiðast af eiganda viðkomandi íbúðar eða byggingaraðila.

Greitt er gjald fyrir hverja íbúð þegar um rað- eða parhús er að ræða. Gjaldskrá fyrir lögbýli gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsnæði.

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu eða sprengingar á klöpp er heimilt að innheimta sérstakt álag sem nemur 25% sem leggjast ofan á heimæðargjald sbr. ofangreint.

4. gr.

Vatnsgjald

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera heildarfasteignamat af íbúðarhúsi, lóð og atvinnuhúsnæði.

Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,2% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Hámarksgjald á hverri íbúð skal vera 49.000 kr. Gjald af frístundahúsnæði er 39.000 kr. Ekkert hámarksgjald er á atvinnuhúsnæði.

5. gr.

Notkunargjald

Þar sem vatn frá vatnsveitu sveitarfélagsins er notað til atvinnurekstrar sem krefst mikillar vatnsnotkunar eða annars en venjulegrar heimilisþarfa er heimilt, auk vatnsgjalds, að innheimta sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 39 kr./m³.

Notkunargjald tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2021), grunnvísitala nóvember 2024, 121,0 stig.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

6. gr.

Mælaleiga

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 5. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveitan er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
15 mm	11.500 kr
20 mm	12.000 kr
25 mm	15.000 kr
32 mm	16.500 kr
40 mm	20.200 kr
50 mm	24.700 kr
80 mm	64.400 kr

Mælaleiga tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2021), grunnvísitala nóvember 2024, 121,0 stig.

7. gr.

Gjalddagar

- a) *Heimæðargjald*: Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar. Gjöld skulu greidd eða um þau samið innan 20 daga frá gjalddaga.
- b) *Vatnsgjald*: Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheima þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

8. gr.

Greiðsluskilmálar

Heimilt er að semja um greiðslu heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Í slíkum tilvikum skulu allar greiðslur bera almenna bankavexti.

9. gr.

Innheimta ofl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignaeigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum samkvæmt lögum frá gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjaldi, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er fylgir fjárnámsheimild.

10. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, var samin og samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 3. desember 2025, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III kafla vatnalaga nr. 15/1923. Samhliða gildistöku samþykktar þessarar fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1697/2024.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 3. desember 2025


Sylvia Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri